




Þessi mynd er tekin í bás Slysavarnafélagsins á sýningunni Íslendingar og hafið og sýnir hluta þess er félagið sýnir. Fyrir miðju sést þýrla vera að bjarga mönnum í gúmbjörgunarbát og til vinstri sést líkan af björgun úr strönduðum togara við brimaða strönd. Ýmsar myndir frá starfi félagsins eru á veggjum.

„Íslendingar og hafið“

Dagur Slysavarnafélagsins í dag

— með flugeldasýningu og skemmtidagskrá kl. 20,30

Í DAG er dagur Slysavarnafélags Íslands á sýningunni „Íslendingar og hafið.“ Bás Slysavarnafélagsins er byggður upp á tækjum félagsins, ýmsum líkönum og myndum úr starfi félagsins. Mjög skemmtilega gerð líkón eru í básnum af þýrlu, seem er að bjarga mönnum úr gúmmibát og er þýrlan í gangi og einn í er líkan af björgun úr strönduðum togara með öllum tilheyrandi útbúnaði. Í bás félagsins verða menn frá Slysavarnafélaginu og munu þeir segja frá sýningarmunum.

Þá mun Slysavarnafélagið sýna í Laugarásbíói kl. 3 í dag

kvikmyndirnar „Björgunin við Látrabjarg“ og „Meðferð gúmmibjörgunarbát“, og er aðgangur ókeypis.

Sérstök skemmti- og fræðsludagskrá verður í Laugardalshöll í kvöld og hefst hún kl. 20.30 með eftirfarandi atriðum: Gunnar Friðriksson, forseti S.V.F.I., flytur ávarp, kynning á bás S.V.F.I., björgunarbátur blásinn upp með háþrýstiflösku, mönnum bjargað í stól yfir sýningarsalinn upp á áhorfendapalla, Eygló Víktorsdóttir syngur og Ríó tríó syngur og leikur. Hannes Hafstein mun stjórna skemmtun Slysavarnafélagsins.

Kl. 22 verða sýnd reykblýs, svifblýs, handblýs og merkjaskot fyrir utan Laugardalshöll. Ugglaust munu margir fylgjast með dagskrá Slysavarnafélagsins og flugeldasýningu.

Deildir Slysavarnafélagsins voru 206 árið 1967, þar af 26 kvennadeildir, og heildarfélaga tala var 30.157. Sæluhús og skips brotsmannaskýli á vegum Slysavarnafélagsins voru þá 51, og björgunartæki hefur félagið nú handbær á samtals 149 stöðum á landinu. Félagið á enn fremur, eða í aðild með öðrum, 4 björgunarskip, 3 minni mótorbáta og 14 brimbáta, 3 sjúkrahús leitarflugvélar og eina þýrlu.

Á undanförunum 40 árum hefur Slysavarnafélagið og aðrir aðilar hér á landi bjargað samtals Framhald á bls. 31

Ívar Guðmundsson fréttastjóri Útvarpsins

Í FRÉTTATILKYNNINGU, sem Mbl. barst í gær frá menntamálaráðuneytinu, segir á þessa leyð: „Staða fréttastjóra Ríkisútvarpsins var auglýst laus til umsóknar í Lögbirtingablaði nr. 18, 1968, og rann umsóknarfrestur út hinn 15. apríl sl.

Tvær umsóknir bárust um stöðuna, frá Ívari Guðmundssyni, blaðafulltrúa og Margréti Indriði dóttur, varafréttastjóra.

Ívar Guðmundsson, blaðafulltrúi, hefur í dag verið skipaður fréttastjóri Ríkisútvarpsins frá 1. janúar 1969 að telja“.

Listkynning á Hallveigarstöðum

MORGUNBLAÐINU hefur borizt fréttatilkynning frá Mennningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, þar sem þess er getið, að samtökin ætli að efna til listkynningar í tilefni af 17. júní, þjóðhátíðardegi Íslands. Hefst kynningin í dag að Hallveigarstöðum og henni lýkur 17. júní.

Eftirtaldir listamenn sýna verk sín á kynningunni: Drífa Viðar, listmálari, Eyborg Guðmundsdóttir listmálari, Guðmunda Andrésdóttir, listmálari, Hafsteinn Austmann, listmálari, Sverrir Haraldsson, listmálari, Valgerður Bergsdóttir, listmálari, Ólöf Pálsdóttir, myndhöggvari og listakonurnar Vigdís Kristjánsdóttir og Ásgerður Búadóttir sýna myndvefnað.

Á kynningunni koma auk þess fram: Ásdís Þorsteinsdóttir og Agnes Löve, sem leika samleik á fiðlu og píanó. Helga Hjörvar og Sólveig Hauksdóttir, leikkonur, sem lesa upp. Auður Guðmundsdóttir, leikkona sér um kvöldvöku. Edda Þórarinsdóttir, leikkona, flytur íslenska söngva með undirleik Láru Rafnsdóttur. Þær flytja 3 ljóð eftir Stein Steinarr, lög eftir Jón Ingva Ingvason og Atla Heimi Sveinsson, eitt ljóð eftir Halldóru B. Björnsson, lag eftir Jórinni Viðar. Þá les Guðrún Stephensen, leikkona, kafla úr Péttri Gaut.



Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson er fæddur í Reykjavík 1912. Frá 1934 til 1951 var hann blaðamaður og fréttaritstjóri við Morgunblaðið, en tók síðan við blaðafulltrúastarfi hjá upplýsingadeild Sam-einuðu þjóðanna í New York. Frá 1955 til 1960 var hann varaforstjóri upplýsingaskrifstofu SP fyrir Norðurlönd í Kaupmannahöfn og 1960-61 blaðafulltrúi forseta Allsherjarþings SP í New York. 1961 tók hann við forstjórastöðu við upplýsingaskrifstofu SP fyrir Pakistan í Karachi, en tók síðan við forstjórastöðu við upplýsingaskrifstofu SP á Norðurlöndum. Að undanförunu hefur Ívar unnið hjá SP í New York.

Ívar Guðmundsson átti sæti í stjórn Bláamannafélags Íslands öðru hvoru á árunum 1935 til 1951 og var formaður þess um skeið. Kona hans er Barbara, dóttir Holly Hannah, frá Winnipeg í Kanada.

Örlög Imre Nagys

ÞEIR atburðir, sem í október mánuði 1956 gerðust í kommúnistarikjum Austur-Evrópu munu eflaust seint líða úr minni þeirra, er með þeim fylgdust. Uppreisnirnar í Póllandi og Ungverjalandi skóku kommúniska heimsveldið svo rækilega, að það hefur aldrei beðið þess bætur. Gerðar voru uppreisnir gegn ríkjandi stjórnun og Moskvustjórnin, með Nikita Krúsjeff í broddi fylkingar, varð að sætta sig við, að vinsælli menn tækju við stjórnartaumunum, a. m. k. um sinn. Í Póllandi tók við Władysław Gomułka, í Ungverjalandi Imre Nagy. Gomułka situr enn í dag í valda-stóli og á þó í vök að verjast. Í Ungverjalandi hins vegar lifði stjórn Nagys aðeins skamma hríð — blóðöxi Rauða hersins bjó honum sömu örlög og byltingu þjóðarinnar.

Byltingin í Ungverjalandi hófst hinn 23 október með fjöldafundum og mótmælagöngum gegn ríkjandi stjórnarhátum og stjórnvöðum. Þar var þess krafist, að Ungverjar yrðu óháðari Rússum og lýðræði yrði komið á í landinu. Krafist var frjálsra kosninga, ríttfrelsis og prentfrelsis. Stjórn landsins lýsti aðgerðirnar ólöglegar en allt kom fyrir ekki.

Áður en sólarhringur var liðin, hafði komið til alvarlegra átaka og nú bárust þær fréttir, að Imre Nagy hefði verið fenginn til að taka við stjórnartaumunum. Hann hafði áður verið rekin úr emb

ætti forsætisráðherra sökum þess, að hann þótti of frjálslyndur. Hann fór frá embætti við skamir og svikabrigzl.

Þótt Nagy væri trúr kommúnisti, var hann fyrst og fremst ungverskur þjóðernissinn og hafði setið í fangelsi fyrir skoðanir sínar. Ljóst var að hann var fenginn til að taka við embættinu vegna þess, að hann var vinsæll með al fólksins — m. a. vegna baráttu sinnar gegn ofbeldi kommúnista — og þó talinn nægilega tryggur kommúnistaflokknum til að hann missti ekki öll tók á þjóðinni.

En skipan Nagys ein lægði ekki öldurnar. Óánægjan var orðin svo megn, að fólkið vildi fá frekari tryggingar fyrir breyttu stjórnarfarir. Þegar ekki línnti kröfum og átökum og ljóst var, að jafnvel ungverski herinn hafði snúist í lið með þjóðinni, gripu stálin istar til sinna ráða. Erno Gero, formaður flokksins, gall harður stálinisti ákvað í samráði við Nikita Krúsjeff, að kalla Rauða herinn til bardaga gegn ungversku þjóðinni og hennar. Gerði hann þetta án vilja og vitundar Imre Nagys. Þetta varð síðasta verk Gerós í embætti — skömmu síðar var hann rekinn úr því og við tók Janos Kadar, — sem átti eftir að svíkja Imre Nagy og leiðtoga byltingarmanna, Pál Maleter, í hendur Rússum.

Hinn 25. október taldi ungversk alþýða sig hafa sigrað. Skipt hafði verið um stjórn og formann kommúnistaflokksins

og Kadar flutti faguryrt ávarp þar sem hann lofaði því, að jafnskjótt og eðlilegt ástand hefði komið á, yrðu teknir upp samningar við Sovétríkin á jafnréttisgrundvelli og fund in lausn allra vandamála. En bardögum var haldið áfram fram til mánaðamóta og var ekki annað sýnna en Ungverjar hefðu í fullu tré við aðkomuherinn rauða. 1. nóvember gekk Nagy á fund rússneska sendiherrans í Búdapest og tilkynnti honum, að samkvæmt kröfu þjóðarinnar mundu Ungverjar ganga úr Varsjárbandalaginu og þeir krefðust þess, að Rússar kölluðu her sinn á brott úr landinu. Daginn áður hafði hann lýst því yfir, að aðrir stjórnmalaflokkar en kommúnistaflokkurinn mundu fá frelsi til að starfa og mynduð yrði þjóðleg stjórn á breiðum grundvelli. Og senn gat Nagy sagt landsmönnum sínum þau tíðindi, að sóvésku yfirvöldin hefðu fallist á að kalla her sinn heim og í kjölfarið mundu fylgja aðrar vel þegnar aðgerðir. Hætt yrði við samyrkjubúskap og verkalyðs félögin yrðu viðurkennd á ný.

Næstu daga var Ungverjaland sjálfstætt ríki. Rússneski herinn hvarf úr borgum og lífið í landinu virtist ætla að taka á sig nýja og frjálsari mynd.

En stund sjálfstæðisins var ekki löng. Aðfararnótt 4. nóv. streymdu rússneskar hersveitir yfir landamærin og þúsudum skriðdreka og orrustu-



Rússneskir skriðdrekar í Búdapest.

flugvéla var beitt til að bæla niður uppreisnina. Um morguninn heyrðist síðast frá Imre Nagy, er hann flutti útvarpsávarp og sagði: „Við dögun í morgun réðust sovétzar hersveitir á höfuðborg okkar í þeim augljósa tilgangi að steypa hinn lögmætu ungversku ríkisstjórn. Hermenn okkar eiga í bardögum. Ríkisstjórnin er á verði. Ég tilkynni þjóðinni og umheiminum þessa staðreynd“.

Þegar dagurinn var að kvöldi liðinn var ljóst, að Janos Kadar hafði tekið við stjórnartaumunum og Imre Nagy var flúinn í jógóslavneska sendiráðið í Búdapest. Daginn áður hafði Pál Maleter, leiðtogi byltingarmanna og nýskipaður landvarnaráð-

herra verið handtekinn, er hann sat að samningum við sóvézk yfirvöld.

Nagy dvaldist í jógóslavneska sendiráðinu til 21. nóv. Þá fór hann þaðan eftir að Janos Kadar og stjórn hans höfðu heitið honum því, að hann gæti farið frjáls ferða sinna, honum yrði ekkert meir gert. En það loforð reyndist haldlítið. Síðan hefur ekki til Imre Nagys heyrzt. Honum var rænt á leiðinni úr sendiráðinu og hann færður í hendur Rússum. Þeir fluttu hann ásamt öðrum handteknunum forystumönnum uppreisnarmanna, m. a. Pál Maleter til Rúmeníu og þar voru þeir teknir af lífi eftir leynileg réttarhöld.